

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2023.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1212 - 795. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu árin 2023-2026 sem ætlað er að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Stefnan felur í sér 17 metnaðarfullar aðgerðir sem ná yfir margvíslega þætti samfélagsins. Þá er til fyrirmyndar að tengja aðgerðir við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og aðal inntak þeirra um að engir einstaklingar eða hópar séu skildir eftir.

Alþjóðasamtök félagsráðgjafa hafa um árabil lagt áherslu á félagsráðgjöf og sjálfbærni þar sem umræða er um aðkomu félagsráðgjafa að framkvæmd þessara markmiða. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur skoðað leiðir til að innleiða þessar áherslur. Alþjóðasamtökin hafa jafnframt vakið máls á áhrifum loftlagsbreytinga á jaðarsetta hópa og mikilvægi þess að skilja enga einstaklinga eða hópa eftir. Þá hafa Evrópusamtök félagsráðgjafa vakið athygli á vaxandi félagslegum vanda í Evrópu, sérstaklega tengdum fólksflutningum. Félagsráðgjafar búa yfir vitneskju um hvaða afleiðingar félagslegur vandi hefur fyrir einstaklinga og á efnahag þjóða. Félagsráðgjöf snýst um mannréttindi og munu félagsráðgjafar halda áfram að vinna með fólki, óháð uppruna þeirra og aðstæðum, til að stuðla að velferð þeirra. Félagsráðgjafar starfa þvert á landamæri og eru mannréttindi þungamiðja félagsráðgjafa, því hefur mannréttindasáttmáli Evrópu spilað stórt hlutverk í að móta réttindabyggða nálgun í félagsráðgjöf.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Menntun félagsráðgjafa er að því leyti sérstök að þar er áhersla lögð á þekkingu á sviði stjórnsýslulaga auk þess sem félagsráðgjafar hafa þjálfun í fjölskylduvinnu og málsstjórn (e. case management). Auk þess eru margir félagsráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði fjölskyldumeðferðar en rannsóknir sýna að fjölskyldumeðferð samhliða öðrum meðferðaraðferðum bætir árangur meðferðar og leiðir þannig til sparnaðar til lengri tíma litið. Styrkleiki félagsráðgjafa felst einnig í þekkingu þeirra á öðrum þjónustukerfum svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman

þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í vinnu með flóttafólki og innflytjendum og hafa stofnað fagdeild félagsráðgjafa í fjölmenningu sem starfar á vegum Félagsráðgjafafélags Íslands. Innan félagsins býr því yfirgripsmikil þekking á þessu sviði og geta félagsráðgjafar lagt mikið af mörkum þegar kemur að útfærslu og innleiðingu þeirra aðgerða sem koma fram í þingsályktunartillögunni. Félagið er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður